

**Fréttatilkynning:****Hagar hf. árshlutauppgjör Q3 // mars 2019 – nóvember 2019**

---

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir þriðja ársfjórðung 2019/20 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 20. janúar 2020. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2019 til 30. nóvember 2019. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Áhrif af rekstri Olíuverzlunar Íslands ehf. (Olís) og DGV ehf. á samstæðuna komu fyrst fram þann 1. desember 2018, þ.e. í upphafi fjórða ársfjórðungs 2018/19. Samanburðarfjárhæðum fyrri tímabila hefur ekki verið breytt og innifela þær því ekki rekstraráhrif af hinum nýju félögum.

Þann 1. mars 2019 var innleiddur alþjóðlegur reikningskilastaðall IFRS 16 Leigusamningar í reikningskil samstæðunnar. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuld vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning. Leigugæði í lok þriðja ársfjórðungs var 9.184 milljónir króna og leiguskuld 9.908 milljónir króna. Áhrif staðalsins á rekstrarreikning tímabilsins er 1.645 milljón króna hækkun á EBITDA, 1.250 milljón króna hækkun á afskriftum og 419 milljón króna hækkun á vaxtagjöldum.

**Helstu niðurstöður á fyrstu níu mánuðum rekstrarársins:**

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 2.349 millj. kr. eða 2,7% af veltu.
- Hagnaður á hlut var 1,95 kr.
- Vörusala tímabilsins nam 87.744 millj. kr.
- Framlegð tímabilsins var 22,1%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 6.736 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 61.301 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 3.365 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 24.193 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall var 39,5% í lok tímabilsins.
- Fyrstu níu mánuðir rekstrarársins eru á áætlun og útgefin afkomuspá er óbreytt.

## Rekstrarafkoma fyrstu níu mánaða á áætlun

### Rekstrarreikningur

	3F 2019/20		3F 2018/19		9M 2019/20		9M 2018/19	
	01.09-30.11	01.09-30.11	Breyting	%	01.03-30.11	01.03-30.11	Breyting	%
Vörusala	28.240	18.521	9.719	52,5%	87.744	56.255	31.489	56,0%
Kostnaðarverð seldra vara	(21.970)	(14.124)	(7.846)	55,6%	(68.372)	(42.703)	(25.669)	60,1%
<b>Framlegð</b>	<b>6.270</b>	<b>4.397</b>	<b>1.873</b>	<b>42,6%</b>	<b>19.372</b>	<b>13.552</b>	<b>5.820</b>	<b>42,9%</b>
<b>Framlegð %</b>	<b>22,2%</b>	<b>23,7%</b>	-	<b>-1,5%</b>	<b>22,1%</b>	<b>24,1%</b>	-	<b>-2,0%</b>
Aðrar rekstrartekjur	121	55	66	120,0%	385	161	224	139,1%
Laun og launatengd gjöld	(2.991)	(2.107)	(884)	42,0%	(9.014)	(6.112)	(2.902)	47,5%
Annar rekstrarkostnaður	(1.187)	(1.611)	424	-26,3%	(4.007)	(4.491)	484	-10,8%
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	<b>2.213</b>	<b>734</b>	<b>1.479</b>	<b>201,5%</b>	<b>6.736</b>	<b>3.110</b>	<b>3.626</b>	<b>116,6%</b>
<b>EBITDA %</b>	<b>7,8%</b>	<b>4,0%</b>	-	<b>3,9%</b>	<b>7,7%</b>	<b>5,5%</b>	-	<b>2,1%</b>
Afskriftir	(1.013)	(265)	(748)	282,3%	(2.882)	(770)	(2.112)	274,3%
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>1.200</b>	<b>469</b>	<b>731</b>	<b>155,9%</b>	<b>3.854</b>	<b>2.340</b>	<b>1.514</b>	<b>64,7%</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(440)	(44)	(396)	900,0%	(1.055)	(120)	(935)	779,2%
Áhrif hlutdeildarfélaga	21	--	21	--	111	--	111	--
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>781</b>	<b>425</b>	<b>356</b>	<b>83,8%</b>	<b>2.910</b>	<b>2.220</b>	<b>690</b>	<b>31,1%</b>
Tekjuskattur	(153)	(97)	(56)	57,7%	(561)	(456)	(105)	23,0%
<b>Heildarhagnaður</b>	<b>628</b>	<b>328</b>	<b>300</b>	<b>91,5%</b>	<b>2.349</b>	<b>1.764</b>	<b>585</b>	<b>33,2%</b>
<b>Án áhrifa IFRS 16:</b>								
Annar rekstrarkostnaður	(1.796)	(1.611)	(185)	11,5%	(5.652)	(4.491)	(1.161)	25,8%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	1.604	734	870	118,5%	5.091	3.110	1.981	63,7%
Afskriftir	(540)	(265)	(275)	103,6%	(1.632)	(770)	(862)	111,9%
Hrein fjármagnsgjöld	(257)	(44)	(213)	484,1%	(636)	(120)	(516)	429,7%
Heildarhagnaður	676	328	348	106,0%	2.374	1.764	610	34,6%

Vörusala tímabilsins nam 87.744 milljónum króna, samanborið við 56.255 milljónir króna árið áður. Söluaukning tímabilsins milli ára er 56,0% og skýrist að mestu leyti af áhrifum Olís. Án áhrifa Olís er söluaukning félagsins 4,0% en söluaukning er í báðum matvörukeðjum félagsins, Bónus og Hagkaup, þrátt fyrir fækkun verslana. Níu mánaða meðaltal vísitölu neysliverðs milli rekstrarára hefur hækkað um 3,09% en hækkan vísitölnnar án húsnæðis var 2,79%. Vísitala innkaupa í erlendum gjaldmiðlum, þar sem vegnar eru innkaupamyntir Haga, sýnir veikingu íslensku krónunnar, eða um 7,7% á samanburðartímabilinu.

Framlegð félagsins var 19.372 milljónir króna, samanborið við 13.552 milljónir króna árið áður eða 22,1% framlegð samanborið við 24,1% á fyrra ári. Rekstrarkostnaður í heild hækkar um 2.418 milljónir króna sem skýrist að mestu af áhrifum Olís en til frádráttar eru leigugreiðslur sem tekjufærðar eru vegna IFRS 16 leigustaðals að upphæð 1.645 milljónir króna. Kostnaðarhlutfallið lækkar milli ára úr 18,8% í 14,8%. Án áhrifa IFRS 16 er kostnaðarhlutfallið nú 16,7%.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 6.736 milljónum króna, samanborið við 3.110 milljónir króna árið áður. EBITDA-hlutfall var 7,7%, samanborið við 5,5% árið áður. EBITDA afkoma án áhrifa IFRS 16 var 5.091 milljón króna og EBITDA-hlutfall 5,8%.

Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 2.349 milljónum króna, sem jafngildir 2,7% af veltu en hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 1.764 milljónir króna eða 3,1% af veltu.

## Efnahagur samstæðunnar 30. nóvember 2019

### Efnahagsreikningur

	30.11.2019	28.02.2019	Breyting	%
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	45.214	34.896	10.318	29,6%
Veltufjármunir	16.087	15.955	132	0,8%
<b>Eignir samtals</b>	<b>61.301</b>	<b>50.851</b>	<b>10.450</b>	<b>20,6%</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Hluta fé	1.196	1.213	(17)	-1,4%
Annað eigið fé	22.996	23.066	(70)	-0,3%
<b>Samtals</b>	<b>24.192</b>	<b>24.279</b>	<b>(87)</b>	<b>-0,4%</b>
Hlutdeild minnihluta	1	–	1	-
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>24.193</b>	<b>24.279</b>	<b>(86)</b>	<b>-0,4%</b>
Langtímaskuldir	23.364	6.877	16.487	239,7%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	420	8.431	(8.011)	-95,0%
Aðrar skammtímaskuldir	13.324	11.264	2.060	18,3%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>37.108</b>	<b>26.572</b>	<b>10.536</b>	<b>39,7%</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>61.301</b>	<b>50.851</b>	<b>10.450</b>	<b>20,6%</b>

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 61.301 milljónum króna. Fastafjármunir voru 45.214 milljónir króna en þar af er leigueign 9.184 milljónir króna. Veltufjármunir voru 16.087 milljónir króna en þar af eru birgðir 8.557 milljónir króna.

Eigið fé í lok tímabilsins var 24.193 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 39,5%. Heildarhlutafé í lok tímabilsins nam 1.213 milljónum króna og á félagið eigin hluti að nafnverði 17 milljónir króna.

Heildarskuldir samstæðunnar voru 37.108 milljónir króna í lok tímabilsins en þar af voru langtímaskuldir 23.364 milljónir króna. Leiguskuldir voru samtals 9.908 milljónir króna. Vaxtaberandi skuldir voru samtals 12.670 milljónir króna og nettó vaxtaberandi skuldir 9.305 milljónir króna eða 1,15x12 mánaða EBITDA. Veltufjárhlutfall var 1,17.

### Sjóðstreymi fyrstu níu mánuði rekstrarársins

#### Sjóðstreymi

	3F 2019/20		3F 2018/19		9M 2019/20		9M 2018/19	
	01.09-30.11	01.09-30.11	Breyting	%	01.03-30.11	01.03-30.11	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	1.266	753	513	68,1%	8.675	1.676	6.999	417,6%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.066)	(5.407)	4.341	-80,3%	(2.564)	(5.784)	3.220	-55,7%
Fjármögnunarhreyfingar	406	5.073	(4.667)	-92,0%	(3.482)	4.659	(8.141)	-174,7%
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>606</b>	<b>419</b>	<b>187</b>	<b>44,6%</b>	<b>2.629</b>	<b>551</b>	<b>2.078</b>	<b>377,1%</b>
Handbært fé í byrjun tímabils	2.759	354	2.405	679,4%	736	222	514	231,5%
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>3.365</b>	<b>773</b>	<b>2.592</b>	<b>335,3%</b>	<b>3.365</b>	<b>773</b>	<b>2.592</b>	<b>335,3%</b>

Handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 8.675 milljónum króna, samanborið við 1.676 milljónir króna á fyrra ári. Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru -2.564 milljónir króna, samanborið við -5.784 milljónir króna á fyrra ári. Fjármögnunarhreyfingar voru -3.482 milljónir króna, samanborið við 4.659 milljónir króna á fyrra ári. Handbært fé í lok tímabilsins var 3.365 milljónir króna, samanborið við 773 milljónir króna árið áður.

## Staðan og framtíðarhorfur

Fyrstu níu mánuðir rekstrarársins eru í takti við áætlanir félagsins og er útgefin EBITDA áætlun stjórnenda óbreytt. Útgefin fjárfestingaráætlun hækkar úr 3.300 milljónum króna í 3.800 milljónir króna vegna áætlaðra fasteignakaupa.

Þann 30. ágúst 2019 samþykkti Samkeppniseftirlitið samruna Haga hf. og Reykjavíkur Apóteks ehf. Afhending og greiðsla kaupverðs fór fram þann 5. september 2019 og koma áhrif kaupanna fram á rekstrarreikning og efnahagsreikning frá og með sama tíma. Reykjavíkur Apótek er staðsett á Seljavegi 2 í Reykjavík en nýtt apótek opnar í Skeifunni 11 fyrir lok janúarmánaðar.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að endurfjármögnun samstæðunnar en um 7 ma.kr. greiðslur af lánum, sem voru á gjalddaga í október og nóvember 2019, voru greiddar 7. október sl. Þegar félagið lauk skuldabréfaútbóði. Skuldabréfaútbóðið er í verðtryggðum flokki annars vegar að nafnverði 5,5 ma.kr. og hins vegar í óverðtryggðum flokki að nafnverði 2,5 ma.kr. Auk þess hefur félagið tryggt sér fjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj. til að mæta skammtímasveiflum í rekstri. Hin nýju bréf verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland innan sex mánaða frá útgáfu þeirra. Verðtryggði skuldabréfaflokkurinn ber fasta 2,8% verðtryggða vexti en flokkurinn er tryggður með veði í lykilsteignum Haga. Hann er til 10 ára með jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti. Endurgreiðsluferli afborgana fylgir 30 ára greiðsluferli. Flokkurinn er stækkanlegur í allt að 15 ma.kr. Óverðtryggði skuldabréfaflokkurinn ber fasta 4,65% vexti og er tryggður með veði í þróunareignum Haga. Hann er til tveggja ára með einum gjalddaga höfuðstóls. Vextir greiðast á þriggja mánaða fresti.

Þann 3. janúar sl. samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup dótturfélagsins Olís á öllu hlutafé í Mjöll Frigg ehf. Afhending félagsins fór fram á greiðsludegi, þann 7. janúar sl., og koma áhrif af rekstri félagsins því ekki fram fyrir en á síðasta ársfjórðungi.

## Fjárhagsdagatal 2019/20

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjör	Vikudagur	Birtingardagur
4F – 1. mars – 29. febrúar	Mánudagur	18. maí 2020
Aðalfundur	Þriðjudagur	9. júní 2020

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.